

Efnistaka í Höfðafjöru, Mýrdalshreppi Álit um umhverfismat framkvæmdar

1 Inngangur

1.1 Framlagning og kynning umhverfismatsskýrslu

Þann 10. nóvember 2023 lagði LavaConcept Iceland fram umhverfismatsskýrslu um Efnistöku í Höfðafjöru til kynningar og athugunar Skipulagsstofnunar sbr. 23. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Framkvæmdin og umhverfismatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 23. nóvember 2023 í Morgunblaðinu. Umhverfismatsskýrslan var einnig aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar og í Skipulagsgáttinni.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Mýrdalshrepps, Sveitarfélagsins Ölfus, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

1.2 Gögn

Framlögð gögn LavaConcept Iceland

Umhverfismatsskýrsla: Efnistaka í Höfðafjöru. Umhverfismatsskýrsla. Efla, 21.11.2023.

Viðaukar með umhverfismatsskýrslu

A. Árskýrslur vöktunar á landbroti

Framkvæmdaraðili lagði fram uppfærða umhverfismatsskýrslu 21. nóvember 2023.

Að loknum kynningartíma umhverfismatsskýrslu bárust Skipulagsstofnun viðbrögð framkvæmdaraðila við umsögnum þann 25. janúar 2024.

Umsagnir og athugasemdir

Umsagnir um umhverfismatsskýrslu bárust frá:

- Mýrdalshreppi dags. 19. janúar 2024
- Sveitarfélaginu Ölfusi dags. 4. janúar 2024
- Hafrannsóknastofnun dags. 2. janúar 2024
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 5. janúar 2024
- Minjastofnun Íslands dags. 21. desember 2023
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 5. janúar 2024
- Vegagerðinni dags. 21. desember 2023


Ekki barst umsögn frá Umhverfisstofnun vegna málsins.



2 Framkvæmd

2.1 Framkvæmdalýsing


Í kafla 3 í umhverfismatsskýrslu er að finna lýsingu á framkvæmdinni. Fyrirhuguð framkvæmd felst í vinnslu og flutningi á sandi úr fjöruborðinu syðst á Kötlutanga þ.e. í Höfðafjöru, sem nota á í sandblástur í Þýskalandi. Vinnsla á sandinum fer fram á vinnslusvæði LavaConcept við Uxafótarlæk þar sem hann er skolaður og sigtaður, og síðan fluttur landleiðina til Þorlákshafnar um 160 km leið þar sem honum verður skipað til Evrópu. Efnistökusvæðið er í heildina 7,5 ha og fyrirhugað er að taka árlega um 50.000 tonn (35.000 m³) á ári næstu 15 árin, alls 525.000 m³. Í umhverfismatinu er gert ráð fyrir að fjarlægja 850.000 m³ ef til viðbótareftirspurnar kæmi, til að nota efni í tilfallandi framkvæmdir á svæðinu. Gert er ráð fyrir að vinnsludýpt verði að meðtali um 2 m en búast má við að ummerki um efnistöku hverfi á skömmum tíma vegna ágangs sjávar.



MYND Efnistakan verður í fjöruborðinu neðst til hægri á myndinni (rauður kassi). Vinnslusvæði LavaConcept er iðnaðarsvæði 17, auðkennt með gulum hring austan við þéttbýlissvæðið í Vík (rauður fláki).
Kort: Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021-2033.

Aðkoma að efnistökusvæðinu

Aðkoma að efnistökusvæðinu verður um tæplega 5 km langan fyrirbyggjandi vegslóða meðfram Miðkvísl um 2 km austan þess. Bæta þarf slóðann og er áætlað að efnispörf verði einhversstaðar á bilinu 3.000-6.000 m³ og verði sótt í námu E15 við slóðann. Gera má ráð fyrir að slóðinn verði um 3,5 m og einbreiður.



MYND 3.7 Uppdráttur úr aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033. Bætt hefur verið við áætlaðri legu aðkomuslóða (gul lína) að námu í Höfðafjöru.

Geymsla og afhending efnis

Efnið verður geymt í gamalli grjótnámu við Eyrarbyggðaveg í landi Hrauns um 5 km norðan við Þorlákshöfn. Náman er niðurgrafin og jaðrar hennar nokkurra metra háir lóðréttir klettaveggir, mest um 8 m. Efnið sem þar er geymt er ekki sýnilegt og í góðu skjóli fyrir veðri og vindum. Náman er um 750 m norðan Eyrarbyggðavegar og næstu byggingar eru í um 1,3 km fjarlægð til norðausturs, en það eru sumarhús við Hraunsveg á bökkum Ölfusár. Um 800 m suðvestan við námuna er skotsvæði Skotíþróttafélags Suðurlands. Náman er gömul grjótnáma svo aðkomuvegurinn er byggður fyrir þungaumferð. Ríkjandi vindátt er úr norðaustri og mjög sjaldan er vindur að blása frá námunni í átt að sumarhúsunum norðaustan við námuna. Hver sending erlendis verður um 4.000 tonn og gert er ráð fyrir að eiga alltaf lager fyrir einni sendingu ef flutningar frá Vík skyldu tefjast, það verða því geymt allt að 8.000 tonn af efni á lagernum þegar mest verður. Efnið er keyrt með efnisflutningabifreiðum til Þorlákshafnar þar sem þar sem því verður skipað um borð í flutningaskip og er ekki gert ráð fyrir að lager verði á hafnarsvæðinu heldur verður efnið skipað jafnóðum um borð.

2.2 Frávik frá matsáætlun

Í matsáætlun var stærð efnistökusvæðisins 30 ha. Í samráði við sveitarfélagið var efnistökusvæðið minnkað niður í 7,5 ha og er miðað við það flatarmál í allri umfjöllun í umhverfismatsskýrslunni.

2.3 Valkostir

Í umhverfismatsskýrslu LavaConcept Iceland kemur fram að sandurinn á Kötlutanga henti betur til sandblásturs en sandurinn annarsstaðar á svæðinu. Ekki sé hægt að vera vestar með efnistöku af þessari stærðargráðu sökum hættu á auknu landbroti í nágrenni þéttbýlisins Víkur. Ef farið er enn austar sé aðgengi mun erfiðara sökum fjarlægðar frá vegum, fjölda straumvatna og bleytu á ströndinni. Auk þess myndi það þýða samningsviðræður við aðra landeigendur og greiðslu fyrir nýtingarréttinn á sandinum. Að auki væri akstursvegalengdir lengri sem myndi gera verkið óarðbært. Aðrar staðsetningar komi því ekki til greina fyrir framkvæmdaraðila.



Skoðaðir voru mismunandi valkostir á akstursleiðum frá Uxafótarlæk að geymslustað við Þorlákshöfn.

1. Akstur um Þjóðveg 1 í gegnum Selfoss. Akstursleiðin fylgir Þjóðvegi 1 frá Vík að Selfossi þar sem beygt er inn á Eyrarbakkaveg (nr. 34) og áleiðis til Þorlákshafnar.
2. Akstur um vegi nr. 33 og 310. Til að komast hjá því að aka í gegnum þéttbýlið á Selfossi er ekið um Gaulverjabæjarveg (nr. 33) og Votmúlaveg (nr. 310). Vegagerðin telur þó að sá valkostur sé síður raunhæfur fyrir þungaflutninga sökum ónógrar burðargetu og breiddar vega á þeirri leið.
3. Akstur yfir nýja brú yfir Ölfusá þegar hún hefur verið byggð.

3 Mat á umhverfisáhrifum

Í umhverfismatsskýrslu LavaConcept Iceland eru notaðar vægiseinkunnirnar verulega neikvæð, talsvert neikvæð, nokkuð neikvæð og óverulega neikvæð, engin áhrif, óverulega jákvæð, nokkuð jákvæð, talsvert jákvæð og verulega jákvæð umhverfisáhrif. Gerð er grein fyrir vægiseinkunum á bls. 30 í umhverfismatsskýrslunni.

Við umfjöllun um hvern umhverfisþátt hér að neðan eru fyrst dregin saman meginatriði úr mati framkvæmdaraðila á umhverfisáhrifum. Síðan er fjallað um efnisatriði úr umsögnum og þar á eftir fylgir umfjöllun Skipulagsstofnunar sem byggir á umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila og umsögnum sem bást á kynningartíma umhverfismatsskýrslu auk annarra gagna.

3.1 Áhrif á gróður og fuglalíf

3.1.1 Mat LavaConcept Iceland

Í umhverfismatsskýrslu LavaConcept Iceland kemur fram að svæðið við Uxafótarlæk sé umlukið lúpínu og þar sem helst sé að vænta hrossagauks, þúfutittlings, skógarprastar og stelks. Fjöldi fugla á lúpínubreiðum sé um 6,3 einstaklingar á ha. Á sandauðninni sem farið sé um áleiðis að efnistökusvæðinu sé fuglalíf mjög lítið og fábrotið. Í grjótnámunni í landi Hrauns í Ölfussi þar sem geyma á efni sé lúpínubreiða og því megi búast við sambærilegu fuglalífi þar í kring. Líklega megi einnig eiga von á mófugli t.d. heiðlóu þar sem lúpínan sé nokkuð gisin og mosahraunavist á opnum svæðum inn á milli lúpíunnar.

Samkvæmt umhverfismatsskýrslu LavaConcept Iceland eru helstu áhrif á vinnslusvæðinu við Uxafótarlæk og grjótnámunni í landi Hrauns nú þegar komin fram auk þess sem aðkomuvegir að svæðunum eru þegar til staðar. Þar verði því ekkert nýtt rask á búsvæðum fugla. Þar af leiðandi felist áhrifin af þessari framkvæmd eingöngu í truflun af völdum umferðar og umsvifum á vinnslusvæði. Framkvæmdaraðili telji hæpið að tveir vörubílar á klukkutíma hafi einhver teljandi áhrif umfram þau áhrif sem nú þegar séu komin fram. Mikil umferð sé á Þjóðvegi 1 í næsta nágrenni ásamt mótorkrossbraut og skotsvæði.

Öllu jafna verði farnar 6-8 ferðir efnisflutningabifreiða á dag með efni frá geymslusvæðinu að Hrauni, og einu sinni í mánuði verði efni flutt þaðan erlendis og þá verði mikil umferð í um 14 klukkustundir á meðan verið sé að flytja efni um borð í flutningaskip. Truflun verði því einhver en óveruleg að mati framkvæmdaraðila.

Þegar horft sé til þess að svo til engin búsvæði fugla raskist við framkvæmdina og áhrifin felist helst í truflun vegna umferðar efnisflutningabifreiða á völdum svæðum þar sem umferð sé þegar mikil, þá sé það mat framkvæmdaraðila að áhrif á fuglalíf verði óveruleg.



Vöktun og mótvægisáðgerðir

Fram kemur að gripið verði til ýmissa mótvægisáðgerða til að hefta sandfok og ásýndaráhrif, t.d. með skjólveggjum, jarðvegsmönnum og trjágróðri sem dragi jafnframt úr truflun á fuglalíf í næsta nágrenni.

3.1.2 Umsagnir um umhverfismatsskýrslu

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að líklegt sé að eitthvað af andfuglum nýti sér blaut og gróin svæði við Miðkvísl. Á loftmyndum megi sjá gróið svæði við smá læk rétt austan við Miðkvísl þar sem fuglar gætu haldið sig. Rétt væri að kanna þessi svæði á varptíma og þá væri hægt að hliðra til veginum þannig að hann sneiði fram hjá fuglaríku svæðum.

Í svörum LavaConcept Iceland kemur fram að reynt verði að forðast gróin svæði við læk austan Miðkvíslar enda sér það hagur framkvæmdaraðila að vegurinn liggji ekki um blaut svæði. Framkvæmdaraðili vilji ekki taka áhættu á því að þung ökutæki festist í blautum sandi heldur sé betra að vegslóðinn liggji þar sem undirlag sé þurrt og þétt og engrar sérstakrar vegagerðar sé krafist á sandinum. Endanleg lega vegar sé þó háð samþykki landeiganda.

3.1.3 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur að fyrir liggji að verndargildi gróðurs á fyrirhuguðum vinnslu- og geymslusvæðum sé hverfandi. Jarðvegur er fremur rýr sem og gróður og af þeim sökum er fuglalíf á svæðunum að öllum líkindum fábrotið. Hvorki er líklegt að búsvæðum fugla verði raskað með efnistöku né vinnslunni en enginn gróður eða fuglalíf er í fjöruborðinu þar sem efnistakan fer fram. Helstu áhrif á fuglalíf verða vegna truflunar af umferðar efnisflutningabifreiða á svæðinu, þá helst við vinnslu- og geymslusvæðið. Skipulagsstofnun telur framkvæmdina hafa óverulega neikvæð áhrif á gróður og fuglalíf.

3.2 Áhrif á umferð

3.2.1 Mat LavaConcept Iceland

Í umhverfismatsskýrslu LavaConcept Iceland kemur fram að flesta vinnudaga verði efni flutt frá efnistökusvæðinu við Kötlutanga að vinnslusvæðinu við Uxafótarlæk, og þaðan áfram að geymslusvæði í landi Hrauns í Ölfusi. Mánaðarlega þurfi að flytja efni frá geymslusvæðinu um borð í skip við Þorlákshöfn.

Fram kemur að árdagsumferð á þjóðvegi 1 á um 7 km kafla milli efnistökusvæðisins og vinnslusvæðis við Uxafótarlæk sé 1.600 ökutæki, Árdagsumferð á þjóðvegi 1 frá vinnslusvæðinu við Uxafótarlæk að Hveragerði sé 2.000-11.000 ökutæki, vegkaflinn sé um 145 km langur og umferðin sé mest vestast næst Selfossi og Hveragerði og minnki síðan eftir því sem austar dragi. Árdagsumferð frá geymslusvæðinu í landi Hrauns og að Þrengslavegi sé um 2.650 ökutæki. Þungaumferð á þjóðvegum sé oft um 10% af heildarumferð þ.e. um 200-1.100 ökutæki á dag.

Fram kemur að almennt séð muni hver efnisflutningabifreið fyrir sig hafa óveruleg áhrif en þau magnist upp þegar fjöldi þeirra aukist í umferðinni. Fara eigi um 7 ferðir á dag með efni frá efnistökusvæðinu í Höfðafjöru að vinnslusvæðinu við Uxafótarlæk þ.e. 14 ferðir í heildina fram og til baka á um 10 km kafla á þjóðvegi 1. Það geri innan við tvær ferðir á klukkutíma ef miðað er við 8 tíma vinnudag. Heildar umferðarukningin á þessum vegkafla verði um 0,9% en 9% ef aðeins sé horft til aukningar á þungaflutningum.

Keyra eigi allt að 8 ferðir á dag þ.e. 16 ferðir fram og til baka með efni milli Uxafótarlæks og geymslusvæðisins við Þorlákshöfn sem geri um 0,1-0,8% af heildarumferðinni á svæðinu og muni þungaumferðin aukast um 1,5 -1,8% á þjóðvegi 1 vegna þessara flutninga. Flutningar LavaConcept séu einungis lítið brot af þeim flutningum sem erlend stórfyrirtæki hafi boðað til á Suðurlandi.



Einu sinni í mánuði þurfi að flytja um 4.000 tonn um borð í skip við bryggju í Þorlákshöfn frá geymslusvæðinu í landi Hrauns. Það taki allt að 14 klst. að flytja allt efnið um borð í skipið og því þurfi að fara um 300 ferðir fram og til baka milli geymslusvæðis og hafnar. Um sé að ræða sé töluverða umferð en sem verði einungis einu sinni í mánuði. Þorlákshafnarhöfn og innviðir séu í stakk búnir við að taka á móti þessari umferð og hannaðir fyrir slíkt.

Framkvæmdaraðili metur áhrif framkvæmdarinnar á umferð óveruleg.

3.2.2 Umsagnir um umhverfismatskýrslu

Í umsögn Mýrdalshrepps kemur fram að akstursleiðin þveri einkaland frá efnistökusvæði um Mýrdalssand að Þjóðvegi. Liggja þurfi fyrir samkomulag við hlutaðeigandi áður en akstursleið verði skilgreind með þessu móti. Mælt er til þess að aðkoma af Þjóðvegi 1 að efnisvinnslusvæðinu við Uxafótarlæk verði skoðuð í samráði við Vegagerðina til þess að gætt verði að umferðaröryggi.

Í umsögn sveitarfélagsins Ölfuss kemur fram að mikilvægt sé að umferðaröryggis sé gætt með tilliti til aukinnar umferðar. Megi þar nefna að lýsingu skorti á gatnamótum Eyrabakkavegar og nýtt hringtorg vanti sem tengi Óseyrarbraut við Þorlákshafnarveg.

Í svörum LavaConcept Iceland kemur fram að varðandi landeigendamáli þá verði haft samráð við viðkomandi landeiganda sem og Vegagerðina um útfærslu á beygju inn á og út af Þjóðvegi 1. Það sé formlegt samningsatriði sem ekki sé fjallað sérstaklega um í umhverfismatskýrslu. Vegagerðin hafi verið formlegur umsagnaraðili frá upphafi og geri ekki athugasemdir við tilhögun framkvæmdarinnar, flutningsleiðir, magn né tíðni flutninga.

3.2.3 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Fjallað er um þrjár mögulegar flutningsleiðir með efni frá vinnslusvæðinu við Uxafótarlæk að geymslusvæðinu í landi Hrauns í Ölfusi. Ein þeirra leiða er yfir nýja Ölfusárbrú sem ekki verður tekin í notkun fyrr en í fyrsta lagi 2026 og önnur leið er akstur um Gaulverjabæjarveg (nr. 33) og Votmúlaveg (nr. 310) sem Vegagerðin hefur bent á að sé ekki raunhæfur kostur fyrir þungaflutninga vegna burðargetu og breiddar. Með hliðsjón af þessu verður að teljast líklegt að flutningar fari um Hringveginn í gegnum Selfoss að Eyrabakkavegi (nr. 34) og áleiðis til Þorlákshafnar a.m.k. fyrstu árin.

Flutningsleiðin til Þorlákshafnar er talsvert löng og fjöldi vinsælla ferðamannastaða er á leiðinni sem draga til sín ferðamenn með tilheyrandi umferð. Á þeim stöðum er fjöldi vegtenginga og umferð sem fer illa saman með efnisflutningum á stórum efnisflutningabifreiðum. Vegakerfið hefur á undangengnum árum átt fullt í fangi með að mæta þeirri umferð sem er fylgifiskur ört vaxandi ferðamennsku ekki síst á Suðurlandi. Miklir efnisflutningar eru nú þegar um Þjóðveg 1 og munu þeir aukast verulega ef af t.a.m. fyrirhugaðri efnistöku á Mýrdalssandi verður. Fjöldi efnisflutningabíla á vegum framkvæmdaraðila vegna þessarar framkvæmdar verður þó lítið hlutfall af heildarumferð á vegum samanborið við framkvæmdaráformin á Mýrdalssandi. Skipulagsstofnun telur að áhrif vegna efnisflutninga frá Höfðafjöru að geymslusvæði í grennd við Þorlákshöfn á umferð verði ekki veruleg einkum og sér í lagi samanborið við ofangreinda efnisflutninga frá Mýrdalssandi

Nú þegar eru miklir vöruflutningar til Þorlákshafnar með t.a.m. tilkomu Smyril Line Cargo sem gerir út flutningaskip frá Þorlákshöfn og munu slíkir flutningar aukast þegar fram líða stundir í samræmi við stefnu sveitarfélagsins Ölfuss um stórskipahöfn. Ekki verður keyrt með efnið í gegnum íbúðabyggðina eða þéttbýlið sjálft og engar heimreiðar tengjast beint við akstursleiðina nema að skotæfingasvæðinu. Engu að síður er um er að ræða talsverða aukningu á þungaumferð á sirka 5 km kafla einn dag í mánuði sem kann að hafa áhrif á umferðaröryggi. Skipulagsstofnun tekur undir með sveitarfélaginu Ölfusi og bendir á mikilvægi þess að gætt sé að umferðaröryggi með tilliti til aukinnar umferðar á akstursleiðinni, og að ökumenn fái viðeigandi fræðslu um akstursleiðir og aðstæður til að tryggja öryggi svo ekki komi til umferðaslysa vegna flutninganna.



3.3 Áhrif á jarðmyndanir

3.3.1 Mat LavaConcept Iceland

Í umhverfismatsskýrslu LavaConcept Iceland kemur fram að efnistökusvæðið sé syðst á Kötlutanga sem myndaðist í Kötlugosi 1918; svæðið sé stöðugt að ganga til baka og strandlínan sé farin að nálgast það sem hún var fyrir gos. Því hafi milljónir rúmmetra af framburðarefni skolast á haf út síðustu áratugina. Jarðmyndunin njóti engrar sérstakrar verndar og sé algeng á Íslandi.

Við efnistöku muni allt að 850.000 m³ af sandi verða teknir úr fjörunni og fluttur varanlega á brott. Þetta magn samsvari um 0,07% af efninu sem barst fram í Kötluhlaupinu. Sjórinn sjái um að jafna út fjöruna á hverju flóði. Að mati framkvæmdaraðila muni efnistakan hafa bein og varanleg áhrif á setmyndunina á Kötlutanga. en þar sem um sé að ræða lítið hlutfall af heildarjarðmynduninni og efnið muni líklega skolast á haf hvort sem væri og árif efnistökkunnar séu eingöngu sýnileg í skamman tíma hverju sinni sé það mat framkvæmdaraðila að heildaráhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir séu óverulega neikvæð.

3.3.2 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Um er að ræða umfangsmikið, varanlegt jarðefnanám sem felst í eyðingu jarðmyndunar, þ.e. sandfjöru, en þessi jarðmyndun nýtur hins vegar ekki sérstakrar verndar og efnistökusvæðið einkennist af sífelldri hreyfingu sandsins í fjöruborðinu sem skolast á haf út í miklu magni á hverju ári. Strandlengjan heldur þannig áfram að hopa af náttúrulegum orsökum, burtséð frá fyrirhugaðri efnistöku. Í ljósi ofangreinds telur Skipulagsstofnun að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á jarðmyndanir verði ekki veruleg.

3.4 Áhrif á landrof

3.4.1 Mat LavaConcept Iceland

Í umhverfismatsskýrslu LavaConcept Iceland kemur fram að við efnistöku verði efni tekið varanlega úr fjörunni sem geti flýtt fyrir því náttúrulega landbroti sem eigi sér nú þegar stað en vöktun á landbroti í fjörunni sé og muni verða í höndum jarðfræðings. Átta snið hafi verið sett upp í Víkur- og Fagradalsfjöru árið 2021 og þrjú til viðbótar sunnan Hjörleifshöfða, þ.e. fyrir vestan og á fyrirhuguðu efnistökusvæði í Höfðafjöru sem og austan þess. Sniðin hafi verið mæld mánaðarlega og úr því fáið gögn sem hægt sé að útfæra yfir styttri og lengri tímabil varðandi breytingar á fjörunni. Sniðin eigi þannig að tryggja að fylgst sé með breytingum á strandlínunni bæði austan og vestan við efnistökusvæðið og segja til um stöðugleika hennar svo hægt sé að grípa inn í atburðarrásina fljótt ef þess þurfi.

Fram kemur að litakóði hafi verið þróaður af vöktunaraðila sem segi til um stöðu fjörunnar og hvort efnistaka væri æskileg eða ekki. Litakóðinn sé tól til að meta ástand fjörunnar hverju sinni og hvort efnistaka sé æskileg úr fjörunni eða ekki. Litakóðinn skiptist niður í 4 liti, grænn, gulan, rauðan og svartan, og fari það eftir breytingum á rúmmáli og fjörubreidd hvaða lit hvert snið fái, sjá skilgreiningu fyrir sig í töflu hér að neðan.



TAFLA 5.1 Litakóðinn fyrir breytingu á sniði og viðmið hvers kóða.

Fjara stöðug	Staðan á fjörunni er góð. Þegar miðað er við mælingu í ágúst þá hefur rúmmál fjörunnar aukist eða ekki minnkað meira en 250 m/m, og breidd fjöru hefur aukist eða ekki minnkað meira en um 5 metra. Sniðið er hátt og breitt og lítil hættu á landbroti – efnistaka ætti ekki að hafa áhrif á stöðuleika fjörunnar
Tímabundnar sveiflur í stöðuleika	Staðan á fjörunni er ágæt en fer versnandi. Ef miðað er við ágúst mælingu þá hefur rúmmál fjörunnar ekki minnkað meira en 800 m/m og/eða breidd fjöru hefur ekki minnkað meira en 10 metra. Sniðið fer lækandi og breiddin minnkandi. Ekki mikil hættu á landbroti, en eykst ef þróunin heldur áfram – efnistaka ætti ekki að hafa áhrif á stöðuleika fjörunnar, en ef staðan á fjörunni heldur áfram að versna gæti það breyst
Miklar, langvarandi og/eða endurteknar breytingar	Staðan á fjörunni er slæm. Ef miðað er við mælingu í ágúst þá hefur rúmmál fjörunnar minnkað meira en 800 m/m og breiddin meira en 10 metra. Sniðið hefur lækkað mikið ásamt því að breiddin hefur minnkað, sem veldur hættu á landbroti – efnistaka gæti haft neikvæð áhrif á stöðuleika fjörunnar og æskilegt væri að stöðva efnistöku þangað til sniðið hefur jafnað sig
Landbrot	Landbrot hefur átt sér stað, þ.e.a.s. rof hefur orðið við fjörukamb, sem er meira en 1 metri, og eru enn líkur á að það haldi áfram – stöðva ætti efnistöku þangað til að fjaran hefur jafnað sig

Fram kemur í umhverfismatsskýrslu LavaConcept Iceland að við efnistöku verði allt að 35.000-57.000 m³ af efni fjarlægðir árlega úr fjörunni á um eins kílómetra kafla. Nú þegar skolist árlega hundruðir þúsunda m³ af sandi árlega á haf út og mun efnistaka að einhverju leyti bætast við það efni. Framkvæmdaraðili meti áhrif framkvæmdarinnar á landbrot staðbundin en óveruleg.

Vöktun og mótvægisáðgerðir

Núverandi vöktun verði haldið áfram og ef mælingar á sniðum á Kötlutanga mælast svört verði ekki tekið efni á þeim stöðum á þeim tíma. Ef það komi í ljós að landbrot aukist meira yfir lengri tíma en góðu hófi gegni verði gripið til aðgerða, hvort sem það verði að draga úr efnistöku, færa efnistöku, gera hlé á efnistöku eða aðrar aðgerðir. Aldrei verði þó hægt að koma í veg fyrir landbrot, enda sé það í gangi við núverandi aðstæður.

3.4.2 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Ljóst er að fyrirhuguð efnistaka fer fram á svæði sem er mjög kvikt og er undir sterkum áhrifum haföldu og vinda. Að mati Skipulagsstofnunar er það fyrirkomulag vöktunar sem sett er fram í umhverfismatsskýrslu lykilatriði og til þess fallið að koma í veg fyrir eða draga úr líkum þess að fyrirhuguð efnistaka valdi auknu landbroti. Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð efnistaka kunni að hafa staðbundið landbrot í för með sér en að áhrifin verði að öllum líkindum óverulega neikvæð. Mikilvægt er að framkvæmdaraðili bregðist við ef vöktunarniðurstöður sýna að efnistaka veldur landbroti með því að draga úr eða stöðva efnistöku þar til ástand hefur batnað.

3.5 Áhrif á útivist, ferðamennsku og ásýnd

3.5.1 Mat LavaConcept Iceland

Í umhverfismatsskýrslu LavaConcept Iceland kemur fram að mikill fjöldi ferðamanna fari um Mýrdalssand. Hjörleifshöfði sé sá ferðamannastaður sem sé næst efnistökusvæðinu. Ekki séu til nákvæmar tölur um fjölda gesta á Hjörleifshöfða en til að njóta útsýnisins af höfðanum þurfi að ganga upp 221 m háan höfðann og það takmarki þann fjölda ferðamanna sem heimsæki staðinn. Ætla megi að fjöldi gesta hlupi líklega á tugum þúsunda í venjulegu árferði frekar en hundruðum. Eigendur LavaConcept séu einnig eigendur að jörðinni Hjörleifshöfða og hyggi á frekari ferðaþjónustu á svæðinu.

Fram kemur að efnistakan í fjörunni muni ekki hafa bein áhrif á Hjörleifshöfða né möguleika ferðaþjónustuaðila að nýta höfðann í sinni starfsemi. Einu áhrifin sem vænta megi af



framkvæmdinni séu sjónræn en efnistökusvæðið í fjörunni sé um 3 km suðvestan við útsýnisstaðinn á suðurenda Hjörleifshöfða. Ekki eigi að byggja upp veginn niður að efnistökusvæðinu frekar og því verði áfram keyrt á sandi líkt og verið hefur. Vegurinn verði því ekki sýnilegur úr fjarlægð. Efnistakan sjálf sé í hvarfi undir fjörukambinum og því sé ekki óskert sjónlína að tækjunum fyrr en komið sé upp á höfðann. Vinnuvélar séu vart greinanlegar í 3 km fjarlægð og því ætti það ekki að hafa teljandi áhrif á upplifun ferðamanna sem sæki svæðið heim.

Að mati framkvæmdaraðila verði áhrif vegna fyrirhugaðra framkvæmda á ásýnd, útivist og ferðamennsku óverulega neikvæð.

3.5.2 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin muni hafa nokkuð staðbundin áhrif á landslag. Efnistakan mun ekki hafa í för með sér umbreytingu á landformum á svæðinu þannig að svæðið og ummerki efnistöku munu að öllum líkindum hverfa að mestu leyti þegar henni lýkur í þessu hvikula umhverfi. Yfirbragð svæðisins og svipmót verður því áþekkt og ásýnd svæðisins mun ekki breytast, nema á meðan efnistökunni stendur vegna tækja og búnaðar sem henni fylgir og þá einkum frá sjónarhorni uppi á Hjörleifshöfða. Skipulagsstofnun telur að staðsetning efnistökusvæðisins sé þannig að hún verði ógreinanleg frá helstu ferðamannastöðunum og mun ekki sjást frá þjóðvegnum, efnistakan muni hvergi blasa við. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdar á útivist, ferðamennsku og ásýnd verði óveruleg.

4 Skipulag og leyfi

Efnistökusvæðið er skilgreint sem sand- og malarnáma E14 í nýsamþykktu Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033. Í aðalskipulaginu kemur fram að áætlað er að taka um 500.000 m³ af efni á 7,5 ha svæði. LavaConcept Iceland hyggst vinna alls 850.000 m³ af efni næstu 15 ár. Efnistökmagn er því ekki í samræmi við aðalskipulagið.

Vinnslusvæðið við Uxafótarlæk er skilgreint sem iðnaðarsvæði 17 í Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033. Hámarksbyggingarmagn á svæðinu er 6.000 m².

Geymslusvæðið í landi Hrauns í Ölfusi er gömul náma sem skilgreint er sem efnistöku- og efnislosunarsvæði E11 í gildandi Aðalskipulagi Ölfuss 2020-2036. Efnistökusvæðið nær yfir 22,3 ha svæði og áætluð efnistaka á ári er um 11.250 m³. Engin efnistaka er stunduð í námunni að svo stöddu.

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir efnistökusvæðið í Höfðafjöru en það stendur til að vinna slíkt skipulag. Í gildi er deiliskipulag frá 2023 fyrir vinnslusvæði LavaConcept við Uxafótarlæk og er fyrirhuguð framkvæmd í samræmi við heimildir skipulagsins. Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir námuna í landi Hrauns í Ölfusi þar sem efni verður geymt áður en því verður uppskipað í Þorlákshöfn.

Efnistakan og efnisvinnslan er háð framkvæmdaleyfi Mýrdalshrepps og starfsleyfi þarf frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

5 Niðurstaða

Í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 hefur Skipulagsstofnun farið yfir umhverfismatsskýrslu LavaConcept Iceland um efnistöku í Höfðafjöru sem lögð var fram samkvæmt 23. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Skipulagsstofnun telur að umhverfismatsskýrslan uppfylli skilyrði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.



Í umhverfismatsskýrslu LavaConcept Iceland eru kynnt áform um efnisvinnslu í Höfðafjöru sem eiga að hefjast sumarið 2024 ef allt gengur eftir. Gert er ráð fyrir að til ársins 2033 verði búið að vinna 315.000 m³, og 525.000 m³ árið 2039. Umhverfismatið tekur hinsvegar til vinnslu á 850.000 m³ af efni næstu 15 árin ef til viðbótareftirspurnar kæmi. Um er að ræða efnistöku í fjörukambinum í Höfðafjöru og verða sjónræn áhrif efnistökkunnar staðbundin og óveruleg sökum staðsetningar. Líkur eru á að ummerki efnistökkunnar verði eingöngu sýnileg í skamman tíma hverju sinni þar sem ummerkin verði að mestu afmáð innan skamms tíma vegna ágangs sjávar. Áhrif á jarðmyndanir, sem í þessu tilfalli er sandur, verða ekki veruleg þar sem þær njóta ekki verndar og sandurinn skolast nú þegar á haf út í miklu mæli. Fyrirhuguð efnistaka mun hafa óveruleg áhrif á fugla, gróður og landbrot. Skipulagsstofnun leggur áherslu á þær vöktunar- mótvægis- og viðbragðsáætlanir sem LavaConcept Iceland kynnir í umhverfismatsskýrslu einkum vegna landbrots til að koma í veg fyrir auknar líkur á landbroti vegna efnistökkunnar. Skipulagsstofnun telur að áhrif vegna efnisflutninga frá Höfðafjöru að geymslusvæði í grennd við Þorlákshöfn á umferð og umferðaröryggi verði ekki veruleg einkum og sér í lagi samanborið við fyrirhugaða efnisflutninga frá Mýrdalssandi sömu leið. Áhrif efnisflutninga á umferðaröryggi þegar uppskipun fer fram í og við Þorlákshöfn kunna hins vegar að verða tímabundið nokkuð neikvæð, þar sem um er að ræða talsverða aukningu á þungaumferð á sirka 5 km kafla einn dag í mánuði.

Reykjavík, 4. mars 2024

Jakob Gunnarsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir

* Rafræn skilríki



Þórdís Stella Erlingsdóttir

Þórdís Stella Erlingsdóttir
Sérfræðingur, svið umhverfismats

Undirritað með 

* Rafræn skilríki



Jakob Gunnarsson

Jakob Gunnarsson
Sérfræðingur, svið umhverfismats

Undirritað með 